

Fundargerð foreldrafélags 4. júní kl. 16:00

Mætt voru: Gígja sem skrifar fundargerð, Sísí, Bryndís (bekkjarfulltrúi), Hanna Kata (bekkjarfulltrúi og fulltrúi foreldra í skólaráði), Steinþór, Hulda og Héðinn.

- Fundurinn var haldinn á Centrum. Gaman að breyta til á síðasta fundi skólaársins og hafa léttu stemningu. Stjórn foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúum var boðið. Tímasetningin reyndist erfið fyrir marga þar sem var verið að útskrifa elstu nemendur af leikskólanum Hólmasól á sama tíma. Því var lítil mæting hjá bekkjarfulltrúum.
- Formaður byrjaði fundinn á að gefa smá þakklætisvott til þeirra sem hafa lagt mikið af mörkum til starfsins og eru að hætta. Hefð hefur skapast fyrir því að gefa þykkblöðung í kveðjugjöf. Þau Hanna Kata, Hulda og Héðinn fengu þakkir fyrir góð störf.
- Hanna Kata, Hulda og Gígja sögðu frá niðurstöðu frá sameiginlegum vinnuhópi skólans og foreldrafélagsins. Þar var helst frá að segja að haustfundir verða haldnir í öllum árgöngum næsta haust, ekki bara í 1-3-5-8 kerfinu.
- Héðinn sagði frá fyrirhuguðum breytingum á “Heilsueflandi grunnskólum”. Einnig var rætt um Samtaka og hvernig styðja megi við störf þess.
- Hulda sagði frá bréfi sem hún sendi fyrir hönd stjórnar til skóla-og fræðsluráðs Akureyrarbæjar. Bréfið var sent sem stuðningur við ákall skólastjórnenda um úrbætur á skólalóð Brekkuskóla, með áherslu á körfuboltavöll.
- Almennt spjall um starfsárið hjá foreldrafélaginu og öllum þakkað fyrir störf þeirra í vetur.

Fundargerð foreldrafélags Brekkuskóla 4.maí 2026 kl. 20.00

Mætt voru: Sísí sem skrifaði fundargerð, Hulda og Steinþór.

Efni fundarins:

styrkur til skákbarna

-Skv. beiðni frá skólastjóra var óskað eftir að styrkja sex börn. Stjórn samþykkti að styrkja hvert barn um 2.000 kr hvert, sem er sambærileg upphæð við aðra ferðastyrki til skólans. Steinþór fylgir þessu eftir.

fréttir frá Samtaka

-Enginn félagsmeðlimur kom frá samtaka

Fjármál: staðan og styrkir

-Nú hafa verið greiddir styrkir til bókakaupa til bókasafnsins, vegna hafragrauts og alla ferðastyrki skólaársins vegna 4., 7. og 10. bekkjar, 1.500 kr fyrir hvern 4.bekking og 2.000 kr fyrir hverja 7. og 10. bekkinga.

-Nú eru ógreidd félagsgjöld 25 talsins, 92% heimtur.

-Samtals 866.000 kr eru í tveimur sjóðum félagsins.

-Boltakaup: ekkert frést af reikningi vegna boltakaupa, Hulda mun senda á Jóhönnu skólustjóra og kannar málið.

Bekkjarsjóðir

-Engar umsóknir hafa borist félaginu um styrki. Formaður ætlar að senda tölvupóst á alla foreldra og minna á.

Fréttir frá skólaráð

-Sent hefur verið enn eitt bréfið til fræðslu- og lýðhelsuráðs um uppsetningu körfuboltavallar á skólalóðinni. Stjórn ákvað að senda einnig bréf til ráðsins.

-6. bekkur er kominn í útikennslu og sótt verður um styrk úr þróunarsjóði. Stefnt er að því setja útikennslustofu í Naustaborgum.

Niðurstaða vinnuhóps foreldrafélag og skólans

-Ákveðið að haustfundir verði í öllum bekkjarárgöngum frá og með næsta hausti til að efla foreldrasamstarf. Á þeim fundum verða valdir bekkjarfulltrúar.

Næsti fundur og næsta skólaár

-Hulda hefur ákveðið að segja af sér sem varaformaður. Sísí og Steinpór halda áfram.

-Lagt er til að síðasti fundur skólaársins verði Happy fundur þann 4. júní n.k. og bekkjarfulltrúum verði boðið.

Hvaða mál er mikilvægt að leggja áherslu á í upphafi næsta skólaárs?

-ýta á svör vegna köfluboltamálsins

- finna fleiri styrktarmöguleika sem nýtast nemendum.

-styðja við bekkjarfulltrúa eftir haustfundina.

Fundi slitið kl.20.37

Fundur stjórnar foreldrafélags Brekkuskóla 2.febrúar 2026.

Mætt: Gígja formaður, Sigríður ritari, Hulda, Björgvin og Steinþór.

1. Heimsókn frá nemendaráði: Karólína úr 9. bekk mætti sem fulltrúi nemendaráðs skólans og sagði frá þeirra störfum. Það var frábært að fá innsýn í líf elstu nemenda og stjórnin þakkar Karólínu formanni nemendaráðs kærlega fyrir komuna. Hér eru helstu punktar úr spjallinu:

- Nemendaráð skólans reynir að hittast einu sinni í mánuði. Í ráðinu er mikið rætt um hvað sé hægt að bjóða upp á í frímínútum eftir að símabannið var sett á.
- Stemningin í unglingadeildinni sé fín. Þau eru ánægð með að félagsmiðstöðva-fulltrúarnir séu með í frímínútum og það er hægt að gera ýmislegt í frímínútum. Opnu húsin eru ágætlega nýtt, sérstaklega úr 8. bekk. Segir að sumir sakni þess að vera í Rósenborg.
- Þau leggja áherslu á að settur verði upp körfuboltavöllur við skólann og vilja fá stærri kastala eins og er við marga grunnskóla á Akureyri.
- Stjórnin óskaði eftir að nemendaráð myndi kalla eftir hugmyndum um hvernig foreldrafélagið gæti stutt við þau. Daginn eftir sendi Karólína póst á netfang foreldrafélagsins með ítarlegum lista yfir óskir nemenda í 7.- 10. bekk.

2. Formaður fór stuttlega yfir það helsta:

- Gjaldkeri er búinn að senda út félagsfjöldin, 307 kröfur sendar út, sem er sambærilegt við síðustu ár.
- Hulda er búin að skrifa fréttabréf frá foreldrafélaginu sem sent verður á alla foreldra.
- Vinnuhópur sem mun skerpa á foreldrastarfi og samstarfi heimilis og skóla er byrjaður. Í hópnum eru þær Gígja, Hulda og Hanna Kata frá Foreldrafélaginu. Frá skólanum eru Jóhanna skólastjóri og deildarstjórnarnir Aðalheiður og Sara Mist. Funda aftur um miðjan febrúar.
- 4 af 6 grunnskólum á Akureyri hafa svarað spurningakönnun sem stjórnin sendi út. Svörin úr könnuninni eiga að nýtast inn í starf vinnuhópsins. Í könnuninni er m.a. spurt um skipulag í kringum bekkjarfulltrúa og störf foreldrafélaganna almennt.

3. **Lagt til að prófa bekkjarsjóði** núna á vorönn, þar sem 500 kr. eru greiddar með hverjum nemenda. Bekkjarsjóðirnir eiga að styðja við foreldrastarfið í árgöngunum. Hugmyndin kemur frá hinum grunnskólunum á Akureyri, en við alla skólanna sem eru búnir að svara könnuninni, eru notaðir bekkjarsjóðir. **Tilagan um bekkjarsjóði var samþykkt.**

- Næsta mál á dagskrá er að kynna sjóðina fyrir foreldrahópunum.

Næsti fundur 2. mars kl. 20:00

Fundur stjórnar foreldrafélags Brekkuskóla - 12. janúar

Mætt: Gígja, Hulda og Steinþór.

Fundarritari: Gígja

1. Ýmislegt smálegt

- Steinþór var í miklum samskiptum við jólasveininn í desember. Vakinn og sofin yfir því verkefni. Allt gekk vel.
- Erum komin með sérstakt netfang foreldrafélagsins, í gegnum skólann. Næsta verkefni er að koma því í gagnið. Ákveðið var að ritari og formaður vakti póstinn. Á döfinni er líka að yfirfara upplýsingar um foreldrafélagið á heimasíðu skólans. Björgvin og Gígja með það verkefni.
- Fórum stuttlega yfir stöðuna varðandi Samtaka og Skólaráð. Fundir í báðum ráðum á næstu dögum.

2. Félagsgjöld

- Gjaldkeri mun senda út greiðslukröfur á næstu dögum. Félagsgjöld þau sömu og árið áður, 3000 kr á heimili. Allt fyrirkomulag eins og hefur verið.

3. Fréttabréf frá stjórn

- Ræddum að senda upplýsingar til foreldra um hvað peningar foreldrafélagsins eru nýttir í, eins og var gert í fyrra. Senda það þegar kröfurnar eru komnar í heimabankana. Gígja finnur textann frá í fyrra og aðlagar.
- Ætlum líka að senda út stutt fréttabréf frá okkur. Minna á okkur og segja frá að allir séu velkomnir á fundi með stjórninni. Hulda tók að sér.

4. Árviss verkefni

- Pennar og húfur. Væntanlega nóg til af pennum því þeir voru pantaðir í fyrra. Steinþór ætlar að athuga með húfurnar.
- Vorhátíð framundan.

5. Vinnuhópurinn

- Gígja, Hulda og Hanna Kata ætla að byrja að funda reglulega með aðilum frá skólanum. Markmiðið er fara í gegnum hvernig foreldrar og skólinn geta verið í betra samstarfi. Þær hittast þrjár saman á fundi í þessari viku og síðan verður fundinn tími til að funda með skólanum.

6. Næsti fundur...

...verður mánudaginn **2. febrúar**. Þá ætlum við að bjóða fulltrúum úr nemendaráði skólans til að koma. Heyra hvað þau hafa að segja.

Aðalfundur foreldrafélags Brekkuskóla á Akureyri

Dagsetning: 24.09.25 **Tími:** Kl. 18:30 – 19:15. **Staður:** Sal Brekkuskóla.

Fundarritari: Hulda Emilsdóttir

1. Fræðsluerindi

Áður en formleg aðalfundarstörf hófust var boðið upp á tvö fræðsluerindi. Annars vegar um heimalestur og hins vegar kynning á Berginu, stuðnings- og ráðgjafasetri fyrir ungt fólk

2. Skýrsla stjórnar

Gígja Hólmgeirsdóttir gjaldkeri félagsins kynnti skýrslu stjórnar, en hún hefur verið starfandi formaður í fjarveru Björns Grétars Baldurssonar. Störf stjórnar voru sambærileg við síðustu ár. Veittir voru styrkir vegna skólaferðalaga í 4., 7., og 10. bekk. Félagið kostaði hafragraut fyrir nemendur alla morgna, kostaði skemmtikrafta og styrkti bókasafnið. Félagið gaf nemendum í 1. bekk Brekkuskóla-húfu og gaf útskriftarnemendum merкта penna. Fulltrúar í stjórn félagsins áttu sæti í skólaráði Brekkuskóla og Samtaka.

Áhersluverkefni stjórnar á starfsárinu voru aðallega tvö: seinkun skólabyrjunar og bekkjarfulltrúar. Niðurstaða þessarar vinnu var að skólabyrjun var seinkað um tíu mínútur, en sú niðurstaða náðist með góðu samstarfi stjórnar foreldrafélagsins og skólastjórnenda.

Bekkjarfulltrúa-verkefnið heldur áfram en tilgangurinn er að efla foreldrastarf innan hvers árgangs.

3. Gjaldkeri gerir grein fyrir endurskoðuðum ársreikningi

Gígja Hólmgeirsdóttir kynnti uppgjör félagsins og var það samþykkt.

4. Umræður um skýrslu stjórnar

Fjölbreyttar umræður sköpuðust um starfsemi félagsins og framtíðina. Rætt var um að auka við styrki frá félaginu, um hvernig foreldrar væru ekki meðvitaðir um tilgang og starfsemi félagsins, um hvernig foreldrasamstarfi gæti verið háttað og rætt um mikilvægi þess að foreldrahópurinn kynnist innbyrðist. Einnig rætt um hvernig mætti fá fleiri til að sýna félaginu áhuga og mæta á aðalfund.

5. Kosning stjórnar

Gígja Hólmgeirsdóttir gaf kost á sér til embættis formanns. Framboð hennar var samþykkt. Héðinn Svarfdal, Steinþór Örn Gunnarsson, Sigríður Valdimarsdóttir, Hulda Emilsdóttir og Björgvin H. Björgvinsson gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ný stjórn mun skipta með sér embættum á sínum fyrsta fundi.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga

Þau Védís Birgisdóttir og Gunnar Þórir Björnsson hafa undanfarin ár verið skoðunarmenn reikninga. Þau eiga bæði börn sem eru að ljúka sinni skólagöngu og geta því ekki haldið áfram. Félagið þakkar þeim kærlega fyrir vel unnin störf. Óskað var eftir nýjum skoðunarmönnum. Sindri Kristjánsson gaf einn kost á sér og var hann samþykktur.

6. Önnur mál

Jóhann stjórnarformaður Heimilis og skóla tók til máls og hvatti fundargesti til að kynna sér starf þessara foreldrasamtaka.

7. Kynnig frá íþróttakennurum

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum mættu íþróttakennararnir Arna Benný og Kári. Þau sögðu frá hvernig íþróttakennslan er skipulögð og í kjölfarið var fundargestum boðið að spyrja spurninga. Fjölbreyttar umræður sköpuðust og mikil ánægja með innkomu kennaranna.

Fundi slitið kl. 19:15

Fundur stjórnar 1. September 2025

Mætt: Gígja, Héðinn, Björgvin, Steinþór

Fundarritari: Gígja

Göngum í skólann

Héðinn sagði frá Göngum í skólann verkefninu sem allir grunnskólar á Akureyri taka þátt í. Rætt hefur verið við öll foreldrafélög skólanna um að manna ýmis gatnamót miðvikudags morguninn 3. september, daginn sem verkefnið fer formlega af stað. Foreldrafélagið í Brekkuskóla styður þetta heilshugar og fulltrúar okkar munu mæta á valda staði á miðvikudagsmorgun.

Skólabyrjun

Ræddum hvernig skólinn hefur farið af stað. Ánægja er með samtölin í byrjun skólaársins þar sem foreldrar fá tækifæri til að hitta kennara barna sinna í persónu. Minnst á að það vanti engu að síður ákveðinn hátíðleika sem formleg skólasetning býður uppá.

Bekkjarfulltrúar

Lítið byrjað að gerast hjá þeim, enda skólinn bara rétt byrjaður og verkefnið enn óljóst. Hugmynd kom upp að fá fulltrúa frá Heimili og skóla til að vera með námskeið fyrir bekkjarfulltrúa í að leggja fyrir foreldrasáttmála.

Aðalfundur

Ákveðið að halda aðalfund miðvikudaginn 24. september. Þeirri hugmynd varpað fram að fá kennara til að vera með erindi. T.d. íþróttakennarana. Nánara skipulag fundarins verður ákveðið inná facebookhóp stjórnar.

Næsti fundur verður mánudaginn 6. október

Foreldrafélag Brekkuskóla fundur stjórnar 5.maí 2025

Mætt: Gígja, Þórhildur, Steinþór, Lísbet, Þórey og Hanna Kata

Fundarritari: Hanna Kata

Pokavarp. Brekkuskóli hefur verið með eitt slíkt sett að láni og verið notað í frímínútum. Hefur reynst vel og vilji er til að eignast eitt sett. Samþykkt af stjórn að kaupa eitt slíkt fyrir hönd foreldrafélagsins að gjöf fyrir skólann.

Pennakaup. Búið er að kaupa penna vegna útskriftargjafa.

Vinnuhópur – lagabreytingar.

-Búið að yfirfara lög og gera tillögur að lagabreytingum, í ljósi þeirrar reynslu sem hefur safnast í gegnum árin.

-Rammi kominn fyrir vinnudagatal stjórnar.

-Handbók foreldra. Framan af var handbók foreldra gefin út, væri áhugavert að taka það upp á ný – kanna áhuga skólans á að taka slíkt upp, e.t.v. í samstarfi við foreldrafélagið.

-Umræða um þátttöku foreldra/virkni í fundum foreldrafélagsins. Umræða um umbun stjórnarmeðlima fyrir fundarsetu.

Vinnuhópur – heilsu og velferðarhópur. Fundur á dagskrá í maí, þar sem verkefnið verður skilgreint nánar.

Vinnuhópur – seinkun á skólabyrjun.

Upplýsingasöfnun stendur yfir; fyrirkomulag. Menntaskólinn og VMA eru að byrja 8:30.

Bekkjarfulltrúar. Lítið um framboð, en þrýstum á fólk.

7. Apríl 2025 - Fundur hjá stjórn foreldrafélags Brekkuskóla

Mætt: Gígja, Þórgunnur, Héðinn, Lísbet, Hulda, Björgvin og Sigríður

Fundarritari: Gígja

- **Vorhátíð fram undan.** Rætt um hver aðkoma okkar foreldrafélagsins er að þeim viðburði. Við gefum verðandi 1. bekk húfur, það er nóg til af þeim. Einnig höfum við greitt fyrir skemmtikraft sem hefur annað hvort verið bókaður í gegnum skólann eða okkur. Björgvin tók að sér verkefni félagsins í tengslum við vorhátíð og setur sig í samband við Jóhönnu skólastjóra.

- Rætt hvernig okkur fannst að fá **skólastjórnendur á síðasta fund.** Mikil ánægja var með samtalið sem skapaðist og gott að heyra hlið skólans í ýmsum málum. Stefnt er á að endurtaka leikinn á næsta skólaári. Slíkt var einnig rætt innan skólaráðs.

- **Bekkjarfulltrúar:** Búið er að kynna verkefnið fyrir kennurum í 1. - 5. bekk og viðbrögðin voru góð skv. Jóhönnu skólastjóra. Í framhaldinu var sendur kynningarpóstur (ætlaður foreldrum) á alla umsjónarkennara og þeim boðið að hafa textann með í næsta föstudagspósti. Því næst er ætlunin að pósta upplýsingum inn á facebook-síður árganganna.

- Farið var stuttlega yfir helstu fréttir innan úr **skólaráði.** Þar er nýbúið að samþykka skóladagatal næsta árs, auk þess sem rætt hefur verið um hvenær nýr körfuboltavöllur er væntanlegur, um kynjaskiptingu og verklag í íþróttakennslu og um þá vinnu sem hefur farið af stað innan foreldrafélagsins.

- Farið stuttlega yfir helstu fréttir úr starfi **Samtaka.** Þar stendur til að endurvekja foreldraröltið í samvinnu við samfélagslögregluna auk þess sem sameiginlegt fræðsluerindi er í bígerð.

- Rætt hvernig gengur hjá **vinnuhópunum.** Flestir komnir stutt. Ákveðið var að hver hópur kynni sína vinnu á næsta fundi stjórnar.

- Önnur mál: Lísbet og Hulda vöktu máls á mikilli **svifryksmengun** undanfarna daga. Hópurinn ræddi almennt um um málið, t.d. fjölda loftgæðamæla í bæ, og ýmsar vangaveltur um hvað mætti betur fara.

- Næsti fundur verður mánudaginn **5. Maí**

Foreldrafélag Brekkuskóla frundur stjórnar 3. febrúar 2025, 20-21:25

Mætt: Héðinn, Lísbet, Þórey, Gígja, Skúli og Hanna Kata

1. **Nýir stjórnarmeðlimir.** Þórgunnur Oddsdóttir, foreldri í 2.bekk – hefur áhuga á starfi með heilsu- og velferðarhópi foreldrafélagsins. Björgvin Hrannar Björgvinsson, foreldri 1. bekk er einnig áhugasamur.
2. **Vinnuhópar.** Velferðarhópur (vinnuheiti): Þórey og Þórgunnur bætast í þann hóp. Lög og umgjörð foreldrafélags (vinnuheiti): Björn bætist í þann hóp.
3. **Húfur og pennar.** Nóg til af húfum fyrir 1.bekk haustið 2025. Pennar fyrir útskriftarárgang: Eitthvað til, en þarf að hræra í pöntun, Gígja og Björn sjá um það.
4. **Skólaráðsfundur.** Björn og Hanna Kata fara til fundar. Kynna málefni sem hafa verið í umræðu á vettvangi stjórnar, s.s. stundatafla/seinkun skóla, velferðarhópur, laga- og umgjörðarhópur [og hugmyndir um virkjun “bekkjarfulltrúa” (sbr. lið 6. á dagskrá)]. Óska eftir upplýsingum um stöðu í verkefninu “símalaus skóli” og skiptingu nemenda í hópa í íþróttatímum og sundi (kynjaskipting?). Ræða möguleika á fulltrúa starfsfólks á fund stjórnar foreldrafélagsins í stök skipti.
5. **Samtaka – samtök foreldrafélaga á Akureyri.** Fundur í stjórn Samtaka n.k. miðvikudag. Gígja og Héðinn mæta. Sameiginleg fræðsla – hugmyndir: “Lausnamiðuð fræðsla” í skjánotkun og símamálum,
6. **Foreldrasamstarf innan bekkjardeilda.** Umræða um virkjun foreldra í því mikilvæga hlutverki sem foreldrasamstarf er börnum og skólastarfinu í heild sinni. Foreldrasamstarf í formi þriggja viðburða yfir skólaárið, sem eru á hendi foreldra að skipuleggja (velja sér tíma í fyrsta viðtali skólaársins). Gígja kom með tillögu um tilraunaverkefni, með það að markmiði að auka samstarf foreldra og styðja þannig við jákvæða skólamenningu. Tilnefna mætti t.d. tvo til fjóra “bekkjarfulltrúa”. Mætti byrja í einum eða tveimur bekkjum og sjá að hausti hvernig hefur gefist. Ef fleiri bekkjardeildir vildu fara af stað, þá velkomið. Hlutverk “bekkjarfulltrúa” er skilgreint í handbók Heimilis og skóla.
7. **Bætt skólamenning.** Gígja hitti skólastjóra og ræddi þá staðreynd að vart hefur orðið aukinnar ofbeldishegðunar nemenda, gagnvart hverju öðru og starfsfólki. Gagnlegt lesefni um þetta er t.d. meistararitgerð Soffíu Ámundadóttur ([Soffía Ámunda - Lokaritgerð október2022 - skemman.pdf](#)). Að mati stjórnar væri grasrótarsamstarf foreldra og samstarf við skólann, mögulega eitt sterkasta verkfærið í að rétta þetta af. Þar gæti foreldrasamstarf innan bekkjardeilda komið sterkt inn (sbr. 6. lið). Hugmynd um fyrirlestur (fyrirlestrar á dagskrá fundar Samtaka, sbr. 5. lið). Í kjölfar fyrirlestrar, kom Gígja með hugmynd um “foreldraþing”, sem einnig mætti útfæra sem samtal foreldra og starfsfólks – og í kjölfarið einnig nemenda.

Fundinn ritaði Hanna Kata.

Foreldrafélag Brekkuskóla - 13. janúar 2025, 20-21:15.

Mættar: Gígja og Hanna Kata

Fundarritari: Hanna Kata

1. **Virgni stjórnar og mæting á fundi.** Hefur farið minnkandi og þarf að bæta úr.
2. **Hlutverk stjórnarmanna.** Verkaskipting/dreifing verkefna á milli stjórnarmanna, þarf að skýra. Lög foreldrafélagsins kveða á um tengilið í hverjum bekk, sem er ekki raunin. Þetta þarf að skoða, í samhengi við að auka virkni foreldrafélagsins og samstarf foreldra.
3. **Lög foreldrafélagsins.** Hugmynd um þriggja manna vinnuhóp, sem rýni lögin og komi með tillögur að lagabreytingum sem þá verði lagðar fyrir aðalfund næsta haust.
4. **Birting fundargerða á vef Brekkuskóla.** Eru sem stendur undir “fréttum” á síðu um foreldrafélag. Ekki gagnsætt, þyrfti að óska eftir breytingu á þeirri uppsetningu, mögulega í samræmi við fundargerðir skólaráðs, betra væri að hafa allar fundargerðir aðgengilegar í gegnum einn hlekk. HK skoði málið.
5. **Upphaf skólatíma – seinkun.** Var rætt á aðalfundi. Hugmynd um að taka það mál áfram með þriggja manna vinnuhópi. Rætt var á aðalfundi að senda könnun til foreldra. Mætti í kjölfarið eiga samtal við stjórnendur skólans/skólaráð og Akureyrarbæjar.
6. **Símanotkun og samfélagsmiðlar.** Símareglur virðast vera að ganga vel. Eftirfylgni foreldrafélags væri kostur, t.d. rætt um bekkjarsáttmála um snjallsímanotkun og samfélagsmiðla. Hugmynd um þriggja manna vinnuhóp.
7. **Næsti fundur.** Verði haldinn mánudaginn 27. janúar, heima hjá Hönnu Kötu. Hugsaður sem aukafundur til að þétta hópinn, riðlar ekki skipulagi annarra funda.

Fundargerð ritaði Hanna Kata.